



MPM – Master of Project Management

Betri kennari fyrir vikið

Viðbrögð við og lærdómur af krísustjórnun skólahalds í Reykhólahreppi vegna samkomubanns út af COVID-19

Maí, 2020

Nafn nemanda: Ágústa Ýr Sveinsdóttir

Kennitala: 220289 – 2579

Leiðbeinandi: Marta Kristín Lárusdóttir

9 ECTS ritgerð til MPM – Master of Project Management

ABSTRACT

The following thesis is a final assignment for the Masters Program for Project Management at the University of Reykjavik. It is a case study that analyzes the crisis management at the times of COVID-19 in Reykhólahreppur, a rural community of 250 people, West Iceland. In this community as elsewhere in the country people have had to deal with natural disasters such as snow avalanches, disastrous winds and lack of harvest. The corona virus in 2020 called for strict national rules concerning human relations. The government decided to put detailed rules for school activities in the hands of community leaders in each location. The thesis looks into how Reykhólahreppur tackled the crisis management, what the stakeholders in the local school found to work well and which mistakes were made. The thesis tries therefore to bring together all lessons learned from the response to the COVID-19 epidemic. Perhaps the results can support still better responses to future crises.

FORMÁLI

Þessi ritgerð er hluti af MPM-námi á meistarastigi við Háskólann í Reykjavík og til 9 ECTS eininga. MPM-námið er 90 ECTS eininga nám og er alþjóðlega vottað af Samtökum um verkefnastjórnun í Bretlandi (APM).

Ég vil þakka viðmælendunum mínum fyrir að gefa sér tíma og fyrir að leyfa mér að taka viðtöl við þau í gegnum fjarfundaforrit. Foreldrum mínum vil ég að þakka sérstaklega fyrir að leyfa mér að tjá mig við þau þegar mikið gekk á og ég þurfti að halda mörgum boltum á lofti. Vinnuveitanda mínum vil ég þakka fyrir að gefa mér frjálstan tíma til að vinna í þessu verkefni þegar ég þurfti þess og Mæju fyrir góð ráð. Samnemendum þakka ég sérstaklega fyrir að halda uppi stemmingu og hvetja mig áfram. Þá vil ég þakka sérstaklega glæsilegu konunum í Auðug fyrir að hafa staðið saman á meðan náminu stóð. Einnig vil ég þakka leiðbeinanda fyrir gott samstarf.

1. INNGANGUR


Í byrjun árs 2020 fóru að berast fréttir um vírus í Wuhan borg í suður Kína (Vísir, 2020). Þann 13. janúar 2020 kom tilkynning frá landlækni að um væri að ræða hópsýkingu af lungnabólgu, en ekki væri búið að staðfesta smit manna á milli. Í þeirri tilkynningu kom fram að líklegast væri lungnabólgan orsökun af nýrri kórónuveiru sem væri frábrugðin kórónuveirunum sem ollu SARS (Severe acute respiratory syndrome) og MERS (Middle East respiratory syndrome). Í tilkynningunni kom fram að ekki væri ástæða til þess að grípa til sértækra aðgerða eða ferðatakmarkanna til suður Kína (Embætti landlæknis, 2020, 13. janúar).

Lífið gekk enn sinn vanagang á Íslandi, veiran var fjarlæg og Alþjóða heilbrigðisstofnunin sagði í fyrstu ástandsskýrslunni sinni 21. janúar 2020 að enn væri engin smit á milli manna fyrir utan Kína, en þá hafði veiran einnig náð til Kóreu, Japan og Tælands (World Health Organization, 2020, 21. janúar). Degi áður hafði Þórólfur Guðnason, sóttvarnarlæknir, sagt í viðtali við Vísir að það þyrfti ekki að óttast veiruna á Íslandi enn sem komið væri og ekkert bendi til þess að hún myndi smitast manna á milli (Berghildur Erla Bernharðsdóttir, 2020).

Framganga kórónuveirufaraldursins, fór að verða hraðari hér eftir. Þann 29. Janúar 2020 kom fyrsta tilkynningin frá Embætti landlæknis þar sem fólk var beðið um að ferðast ekki að örföru til Kína (Embætti landlæknis, 2020, 29. janúar). Ferðatakmarkanir voru hertar með reglulegu millibili eftir þörfum. Þann 29. febrúar voru settar takmarkanir á ferðir frá skíðasvæðum í Ölpunum, enda margar sýkingar raktar þaðan (Embætti landlæknis, 2020, 25. febrúar). Deginum áður hafði fyrsta tilfelli af kórónaveirunni verið greint á Íslandi og hættustig almannavarna var virkjað (Embætti landlæknis, 2020, 28. febrúar). Hér eftir verður notast við COVID-19 sem er heiti kórónuveirunnar.

Óróleiki og óvissa meðal almennings fór að aukast. Getgátur vorum um hvort það yrðu settar á svipaðar hömlur á Íslandi og hafði verið komið á í öðrum löndum. Næstu vikur voru reglur hertar um hvaða erlendu svæði væru áhættusvæði og fleiri þurftu að fara í sóttkví eftir ferðalög erlendis (Embætti landlæknis, 2020, 25. febrúar). Heimsóknarbann hafði verið skilgreint á spítölum og dvalarheimilum aldraðra (Mbl.is, 2020, 6. mars). Einnig voru fyrirtæki farin að bregðast við, þar sem fólk fór að vinna heima, vaktir voru aðskildar, svæði innan vinnustaða voru skilin að, afgreiðslur lokuðu og önnur viðbrögð voru í svipuðum dúr til þess að takmarka samskipti fólks. Það var svo föstudaginn 13. mars 2020 sem tilkynnt var um samkomubann á Íslandi sem tæki gildi á miðnætti 16. mars 2020. Samkomubannið fól í sér að mannamót með fleiri en 100 manns voru bönnuð, hvort sem það var ráðstefna, vinnustaður eða skemmtun. Einnig átti fólk að halda ætíð tveggja metra fjarlægð frá næsta einstaklingi. Að auki voru settar reglur um skólahald. Framhalds- og háskólum var lokað, en takmarkanir voru settar á skólahald í leik- og grunnskólum. Útfærsla á skólahaldi í leik- og grunnskólum skyldi sett af sveitarstjórnnum á hverjum stað. (Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, 2020, 13. mars). Með rúmum tveggja sólarhringa fyrirvara féll það í hendur mennta- og skólanefndum í samstarfi við sveitarstjórnir að endurskipuleggja skólahald. Á mynd 1 er tímalína með nokkrum vörðum COVID-19 á Íslandi sett fram á myndrænan hátt.

Í þessari ritgerð ætla ég að svara rannsóknarspurningunum: 1) Hver voru viðbrögð við breyttu skólahaldi í Reykhólahreppi vegna samkomubanns út af COVID-19? 2) Hver var lærdómur frá breyttu skólahaldi í Reykhólahreppi vegna samkomubanns út af COVID-19?



Mynd 1 - Tímalína COVID-19 á Íslandi

Í verkefni skoða ég verkefnastjórnun við almannavarnir sveitarstjórnar Reykhólahrepps á tímabilinu 13. mars – 17. apríl 2020 með tilliti til skólahalds í leik- og grunnskóla Reykhólahrepps, sem er Reykhólaskóli. Ekki þurfti Sveitarstjórn Reykhólahrepps einungis að bregðast við breytingum á skólahaldi, heldur varð að endurskoða ýmislegt annað til þess að halda samfélaginu gangandi og svæðinu smitlausu. Til þess að afla gagna til að svara rannsóknarspurningunum tók ég viðtöl við fimm starfsmenn Reykhólaskóla og spurði um hvaða kosti og galla þeir sæju í aðgerðunum sem hafði verið farið í á tilteknum tíma. Í ritgerðinni dreg ég saman niðurstöður um aðgerðir og viðbrögð starfsmanna frá viðtölunum og ber þær saman við aðferðir og fræðilegt efni í krísustjórnun.

2. FRÆÐILEG UMFJÖLLUN/BAKGRUNNUR

Íslendingar eru vanir því að bregðast við ýmis konar áföllum og krísum eftir að hafa búið í yfir þúsund ár við öfgafullt veður, jarðhræringar, eldgos, sjávarháska og einangrun. Áður fyrr gengu yfir stórir þekktir sjúkdómar eins og svartidauði, stórabóla, berklar og fleiri. Með meiri þekkingu, betri lífnaðarháttum og hreinlæti eru faraldrar eins og þessir þó sjaldgæfir. COVID-19 er ekki fyrsti smitsjúkdómurinn sem gengur yfir heiminn. Er hægt að skilgreina COVID-19 faraldurinn, sem krísu? Hér er við hæfi að skilgreina hvað felst í hugtakinu krísa og hvað krísustjórnun er.

Samkvæmd Morthy (2005) er krísa atburður sem nær yfir allan heiminn eða er staðbundinn. Atburðurinn getur verið af völdum náttúruhamfara, mannfólks eða út af viðskiptaháttum. Þessi atburður hefur tilburði til að

- 1) stigmagnast
- 2) hefur slæm áhrif á hluthafa eða fjárhagsstöðu stofnunar og félaga
- 3) getur skaðað fólk, valdið tjóni á eignum eða náttúru
- 4) fjölmiðlar og stjórnsmál skoða málið
- 5) truflar venjulega starfsemi og sóar verulega tíma og fjármagni stjórnenda
- 6) skemmir starfsanda
- 7) Setur orðspor stofnunar, vöru, þjónustu eða stjórnendur í hættu og getur þar af leiðandi haft slæm áhrif á framtíðarmöguleika þeirra.

Coombs (2007) setur fram einfaldari útskýringu á krísu: „krísa er veruleg ógnun við starfsemi ef ekki er brugðist rétt við henni“. Samkvæmt skilgreiningu Coombs getur krísa búið til þrjár tegundir af ógnum: ógn við öryggi almennings, fjárhagslegt tap og missi á orðstír.

Út frá bæði skilgreiningu Coombs (2007) og Morthy (2005) er hægt að segja að COVID-19 sé krísa. Faraldurinn hefur haft mjög mikil áhrif á öryggi almennings. Hann hefur einnig haft áhrif á efnahag heimsins. Hægt er að skoða orðstírs- eða mannorðsmissi út af COVID-19 til dæmis út frá viðbrögðum ríkja og fyrirtækja. Ef faraldurinn hefði fengið að smitast manna á milli án þess að gripið væri inn í ferlið hefðu afleiðingar geta orðið virkilega alvarlegar á Íslandi. Til dæmis hefðu afleiðingarnar getað orðið eins og á Spáni þar sem heilbrigðiskerfið réð varla við faraldurinn og grípa þurfti til strangra aðgerða eins og útgöngubanns til þess að ná að hægja á honum (World Health Organization, 2020, 8. apríl). Aðgerðir í Svíþjóð hafa verið umdeildar og hafa sumir sagt þær vera áhættusamar og kærulausar. Þar var farið í litlar aðgerðir og engar lokanir á veitingastöðum, skólum eða öðru. Þar hafa dauðsföll orðið mun fleiri en almennt í Evrópu og fleiri voru smitaðir en annars staðar á Norðurlöndum til dæmis. Hins vegar réð heilbrigðist kerfið þar betur við faraldurinn en á Spánn (McCaffrey, 2020). Út frá þessu má draga þá ályktun að COVID-19 faraldurinn sé vissulega krísa.

Þegar skoðað er hvað felur í sér að stjórna krísu mun það vera þríþætt verkefni: a) forvarnir, b) stjórnun á krísustund og c) viðbrögð við afleiðingum. Hér verður stuttlega lýst hverju stigi.

Á forvarnarstigi eru fjórir þættir sem eru mikilvægastir: það er að hafa krísustjórnunaráætlun; tilnefna hóp sem sér um að halda yfirsýn og stjórna viðbrögðum í krísu; þjálfa og æfa planið reglulega; og að vera búinn að leggja drög að skilaboðum vegna krísu (Coombs, 2006). Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra gefur út viðbragðsáætlanir við hinum ýmsu váum sem steðja að almenningi á Íslandi. Þann 6. mars 2020 var gefin út viðbragðsáætlun við Covid-19 landsfaraldri, en hún var unnin upp úr eldri viðbragðsáætlun um heimsfaraldur af inflúensu (Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra, 2020, 6. mars).

Þegar stjórnað er á krísustund ætti aðaláherslan að vera á öryggi fólks. Þegar krísa skellur á þarf að bregðast við henni og stjórna viðbrögðum, sem er að mestu leiti gert með almannatengslum. Stjórnun á krísustund skiptist annars vegar í fyrstu

viðbrögð, sem þurfa að vera snör, hnitmiðuð og stefnuföst og hins vegar í björgun á mannorði og áformum um komandi hegðun. Þegar líður að lokum krísunnar þá felst stjórnunin í viðbrögðum við afleiðingum hennar.

Á lokastigi er yfirleitt haldið áfram að bjarga mannorði, en einnig þarf að halda almannatengslum áfram. Oft er ekki hægt að koma öllum upplýsingum til skila á meðan krísu stendur, en á lokastigi er hægt að gefa út auka upplýsingar og einnig er hægt að láta vita hvernig gengur að komast í fyrra form (Coombs, 2006).

Það er ómögulegt fyrir fyrirtæki og stofnanir að búa til krísustjórnunaráætlun fyrir allar gerðir af krísum sem gætu komið upp, en það er hægt að gera áætlanir fyrir þær helstu. Viðbrögð og áætlanir geta verið svipaðar þannig að ef til er áætlun fyrir helstu tegundir af krísum þá er auðveldara að aðlaga áætlun að krísu sem ekki var áður skilgreind. Krísustjórnunarrhópur ætti að vera hópur fólks með mismunandi bakgrunn með víðtæk ítök á mismunandi sviðum stofnunar, til dæmis lögfræðingur, verkfræðingur, fóstura, mannauðsstjóri, viðskiptafræðingur og fleiri. Með því að skipa hópin á þennan hátt eru hann betur í stakk búinn til að takast á við krísuna frá öllum sjónarhornum. Þessir einstaklingar þurfa að búa yfir nokkrum góðum mannkostum, t.d. að geta hlustað og safnað saman upplýsingum á þann máta. Þeir þurfa að skilja mikilvægi rökræðu og hvernig það er gert. Einnig þurfa þeir að hafa vilja til að tjá sig og vita af mikilvægi þess að allir í hópnum taki þátt í samræðum. Að auki þurfa þeir að geta tekið ákvarðanir og geta fylgt þeim eftir (Coombs, 2018).

Best er ef krísustjórnunarrhópurinn sé með einn talsmann sem er þjálfaður í að koma upplýsingum skýrt til skila, bæði til fjölmiðla og starfsmanna. Í krísustjórnunarskipulaginu er einnig hægt að hafa drög af skilaboðum sem hægt er að nota á krísustund. Eða hafa sniðmát um það hvernig skilaboðin eigi að vera. Einnig er mikilvægt að skilgreina hvernig samskiptaleiðir eigi að fara fram á meðan á krísustjórnun stendur. Hvort sem það er milli krísustjórnenda og yfirmanna, um upplýsingar til starfsmanna eða hvernig fjölmiðlar fá upplýsingar frá stofnuninni um krísuna. Til dæmis eiga starfsmenn að fá upplýsingar í gegnum innranet stofnunarinnar eða með tölvupósti (Coombs, 2007).

Mikilvægt er að hafa þrjú atriði í huga við krísustjórnun. Í fyrsta lagi getur krísa ógnað fleiri en einni stofnun og þá þurfa nokkrar stofnanir að bregðast við henni í sameiningu t.d. ef um er að ræða náttúruhamfarir, hryðjuverk eða heimsfaraldur. Í öðru lagi þarf að hafa í huga að einhverskonar rannsókn gæti þurft að fara fram, t.d. vegna hættulegra efna. Það þriðja, sem þarf að hafa í huga, er að hópar þurfa að hittast rafrænt en ekki í sameiginlegu krísustjórnunarrými. Því þurfa þeir einstaklingar að geta rætt saman með hjálp tækninnar þótt þeir séu ekki endilega landfræðilega nálægt hvor öðrum (Coombs, 2018).

Leiðtogafærni er mikilvæg fyrir krísustjórnanda. Nokkur atriði einkenna góðan krísustjórnanda. Stjórnandinn byggir samskipti á trausti, bæði innan skipulagsheildarinnar og út fyrir hana. Einnig reynir hann að hafa jákvæð áhrif á hugarfar heildarinnar. Stjórnandinn horfir yfir og tekur eftir og viðurkennir framlag annarra. Sömu leiðis þarf hann að finna og þekkja veikleika skipulagsheildar sinnar. Góður krísuleiðtogi horfir heildrænt yfir vandmálið. Hann sér krísu sem tækifæri en ekki vandamál og hann hefur þá skoðun að hægt sé að koma tvíefldur til baka eftir krísuna (James og Wooten, 2005). Þetta samræmist því sem Bjarni Snæbjörn Jónsson, doktor í stjórnun, sagði í viðtali við Vísi. Bjarni segir þrjú einkenni góðra krísustjórnenda vera yfirvegun, sá sem horfir á heildarmyndina og sá sem byggir upp liðsheildina (Bjarni Snæbjörn Jónsson, 2020). Með yfirvegun hefur stjórnandi stjórn á sjálfum sér og þarf ekki alltaf að grípa inn í. Hann stekkur ekki ofan í skurðinn og byrjar að moka heldur fylgist með heildarmyndinni. Hann getur því tekið tímanlegar og yfirvegaðar ákvarðanir. Hann byggir upp liðsheildina, er með hóp af jafningjum í kringum sig þar sem hver og einn finnur að hann ber ábyrgð. Hann þjálfar þannig og eflir liðsheildina (Rakel Sveinsdóttir, 2020).

Það sem einkennir góða stjórnunarhætti á krísutímum er að skipulagsheildir eru tilbúnar til að takast á við krísur. Þess vegna eru fyrirbyggjandi skref mjög mikilvæg. Með krísustjórnunarhópum er hægt að bregðast við mörgum krísum áður en þær breyta á og jafnvel koma í veg fyrir þær. En þegar krísa verður er mikilvægt að krísustjórnendur og aðrir stjórnendur geti brugðist hratt við. Að segja sannleikann og vera hreinskilinn í öllum samskiptum, vera mannlegur og með stöðugt upplýsingastreymi er mikilvægt við krísustjórnun. Það sem ber hins vegar að varast er andstæða þess sem einkennir góða stjórnunarhætti. Þetta er til dæmis að stjórnendur eða skipulagsheildir neiti að tjá sig, eða krísustjórnandi komi fram illa upplýstur eða reyni jafnvel færa athygli starfsmanna, almennings eða fjölmiðla frá krísunni. Ósannsögli getur verið eitt versta útspil krísustjórnenda á krísutímum. Einnig er mjög slæmt að fara í vörn eða kenna öðrum um (Egill Örn Magnússon, 2014).

3. AÐFERÐAFRÆÐI OG RANNSÓKNARSPURNING

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða viðbrögð og lærdóm af krísustjórnun sveitarstjórnar í litlu sveitarfélagi við almannavarnir til að bregðast við COVID-19 smitsjúkdómnum. Settar voru fram tvær rannsóknarspurningar í upphafi og leitast var við að svara þeim. Rannsóknarspurningarnar eru: 1) Hver voru viðbrögð við breyttu skólalaldi í Reykhólahreppi vegna samkomubanns út af COVID-19? 2) Hver var lærdómur af breyttu skólalaldi í Reykhólahreppi vegna samkomubanns út af COVID-19?

Til að svara rannsóknarspurningunni voru aðgerðir sveitarstjórnar skrásettar og greindar annars vegar og hins vegar voru tekin fimm einstaklingsviðtöl við hagsmunaaðila.

Skrásetning fór fram með því að fara yfir og taka saman upplýsingar úr fundargerðum frá sveitarstjórn og mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps. Einnig eru notaðar umræður, tilkynningar og annað sem við kom COVID-19 og viðbrögðum við samkomubanni á tímabilinu 13. mars - 17. apríl 2020. Einnig voru skrásettar aðgerðir sveitarstjórnar til að bregðast við samkomubanni og COVID-19 á tímabilinu.

Ákveðið var að gera eigindlega rannsókn til þess að fá dýpri skilning um hvað starfsfólki leik- og grunnskóla Reykhólahrepps fannst um þær aðgerðir sem gripið var til vegna samkomubanns út af COVID-19. Einnig gefa viðtölin dýpri skilning á því hvað hægt er að læra af aðgerðum við breytt skólalald vegna samkomubanns. Viðtölin urðu fimm, hvert um 40 mínútur að lengd. Vegna samkomubanns og tveggja metra fjarlægðar reglu fóru öll viðtölin fram með myndfundi í gegnum fjarfundaforritið Zoom.

Viðmælendurnir fimm voru allir konur á aldrinum 44 ára til 56 ára. Í Reykhólaskóla vinna einungis tveir karlmenn, annar í hlutastarfi og hinn er í sveitarstjórn. Taldi rannsakandi betra að taka viðtöl við starfsfólk í fullu starfi og að aðili í sveitarstjórn væri óhæfur í að svara spurningum um störf sveitarstjórnar. Af þeirri ástæðu var ákveðið að taka einungis viðtöl við konur. Tveir viðmælendur eru kennarar, tveir koma úr stoðþjónustu Reykhólaskóla og einn vinnur sem skólaliði. Allir viðmælendurnir hafa unnið lengur en fimm ár við skólann. Þrír þeirra búa á Reykhólum en hinir í dreifbýli Reykhólahrepps. Stoðþjónusta Reykhólaskóla sinnir börnum bæði í leik- og grunnskóla. Nöfn og starfsheiti einstaklinga sem talað var við koma ekki fram til að gæta nafnleyndar.

Viðtölin fóru fram vikuna 20. – 26. Apríl., Þúar voru til tíu spurningar sem voru nýttar sem rammi fyrir viðtölin, (sjá spurningalista í viðauka). Allir viðmælendur voru spurðir þessara tíu spurninga. Viðtölin voru hálf skipulögð (e. Semi-structured), þannig að stundum var spurt ítarlegar út í efni ákveðinnar spurningar eða elt áfram atriði sem fram kom í viðtalinu. Því var stundum dvalið lengur við eina spurningu heldur en aðra. Í öllum viðtölunum var hljóðupptaka og þau voru skrifuð upp eftir á, orð fyrir orð.

Spurningarnar tíu voru í kringum fjögur þemu sem tengdust rannsóknarþurningunni; viðbrögð, upplýsingaflæði, lærdómur og líðan. Úrvinnsla niðurstaðna fór þannig fram að viðtölin voru lesin nokkrum sinnum yfir og merkt við atriði, sem þóttu mikilvæg. Þessi atriði voru flokkuð eftir þemunum fjórum. Rannsakandinn tók eftir því við úrvinnsluna að hægt var að draga þemun saman í tvö þemu; viðbrögð og lærdóm. Þar sem svör við upplýsingaflæði falla vel undir viðbrögð og svör við líðan tengjast lærdómi frá ferlinu. Þessi þemu voru nýtt til þess að svara rannsóknarspurningunum. Hljóðupptökum og skráum með skráningu þeirra var hent við skil ritgerðarinnar.

3.1 REYKHÓLAHREPPUR

Reykhlólahreppur er við norðanverðan Breiðafjörð með einn þéttbýliskjarna, Reykhóla. Í byrjun árs 2020 var íbúafjöldi Reykhólahrepps 262 íbúar, þar sem 77 einstaklingar eru 18 ára og yngri (29% íbúa). Börn eru tekin inn í leikskóla við 1. árs aldur og klára grunnskólann á 16. aldursári. Þetta eru 67 börn og ungmenni (26% íbúa). Íbúar 67 ára og eldri eru 41 (16% íbúa) (Hagstofa Íslands, e.d.a). Einhverjir af þessum einstaklingum búa á dvalarheimili aldraðra á Reykhólum, Barmahlíð, en margir búa enn í heimahúsum. Einnig eru einstaklingar sem dvelja í Barmahlíð sem eru ekki með lögheimil þar. Á Reykhólum býr 131 einstaklingur (Hagstofa Íslands e.d.b), eða rétt rúmlega helmingur íbúa hreppsins.

Reykhlólar er ekki dæmigert fiskveiðiporþ eins og flest þorþ á Vestfjörðum, heldur er þar annar iðnaður sem sækir í auðlindir sjávar, því þar er eina þörungaverksmiðja landsins. Þegar Þörungaverksmiðjan hf. hóf rekstur sinn á Reykhólum fyrir rúmum 40 árum (Thorverk hf., e.d.) þá breytti hún Reykhólahreppi úr sveitasamfélagi í sveitar- og iðnaðarsamfélag. Í Reykhólahreppi er fimm manna sveitarstjórn, sem er kjörin með persónukjöri í sveitarstjórnarkostningum á fjögurra ára fresti. Fastanefndir eru átta í Reykhólahreppi og er hver þeirra með þremur til fimm aðalmönnum (Reykhlólavefurinn, e.d.a). Sveitarfélagið rekur nokkrar stofnanir þar á meðal dvalarheimilið Barmahlíð, endurvinnslu, fasteignafélag, íþróttahús, sundlaug, tjaldsvæði, slökkvilið, leik- og grunnskóla, áhaldahús og hafnarmannvirki (Reykhlólavefurinn, e.d.b). Því eru störf starfs- og stjórnamanna hreppsins fjölbreytt.

4. NIÐURSTÖÐUR

Hér eftir verður farið yfir þá atburði sem gerðust á tímabilinu 13. mars – 17. apríl 2020 í störfum sveitarstjórnar Reykhólahrepps sem við koma samkomubanni og COVID-19, með áherslu á viðbrögð við skólahláði. Síðan verða niðurstöður úr viðtölum dregnar saman með þemagreiningu.

4.1 AÐGERÐIR SVEITARSTJÓRNAR

Vinna sveitarfélagsins vegna COVID-19 var byrjuð fyrir þann 13. mars 2020, þegar tilkynnt var um samkomubann á Íslandi. Á sveitarstjórnarfundi þann 10. mars var COVID-19 mál til kynningar. Þar kom fram að sama dag hafði hjúkrunarforstjóri Barmahlíðar sett á heimsóknarbann á dvalarheimilið (Helga Garðarsdóttir, 2020). Einnig hafði fundinum borist bréf frá forstöðumönnum leik- og grunnskóla þar sem kvartað var undan þrífum á stöðum eins og íþróttahúsi. Þrífir voru ekki nógu góð og stóðust ekki kröfur um aukin þríf vegna COVID-19. Við þessu var brugðist strax af umsjónarmönnum

húsnæðis hjá hreppnum án auka kostnaðar. Rætt var um hugsanlegar skerðingar á starfsemi vegna mögulegrar útgáfu á samkomubanni sem gæti verið sett á fljótlega (Sveitarstjórn Reykhólahrepps, 2020, 10. mars). Sú varð svo raunin þremur dögum seinna.

Óformleg vinna sveitarstjórnar hófst strax eftir að samkomubann var tilkynnt á vegum landlæknisembættis. Skipulag skólahalds hafði verið lagt í hendurnar á sveitarstjórnarstiginu. Fyrsta sólarhringinn voru umræður á milli sveitarstjórnar, sveitarstjóra og skólastjóra leik- og grunnskóla. Þá var staðan þannig: Yfirmaður fasteigna var í fríi utanlands og hjúkrunarforstjóri hætti störfum sama dag og fór í aðra vinnu. Nýr hjúkrunarforstjóri dvaldi erlendis og þurfti að fara í tveggja vikna sóttkví áður en hún gat komið til vinnu. Óvissa var hversu mikið þyrfti að grípa inn í skólahald í Reykhólaskóla. Allir bekkir eru fámennari en 20 einstaklingar og starfsfólk og nemendur rétt undir 100 manns. Eftir að samræður héldu áfram var ljóst að grípa þurfti mun meira inn í skólahald en haldið var í fyrstu. Starfsfólk var til dæmis að vinna að hluta í Reykhólaskóla og í Barmahlíð. Við það hefði getað komið kross smit á milli stofnana sem þurfti að koma í veg fyrir. Mikið var um kvefpestir á þessum tíma og því varð að gefa út skýrar reglur um hvenær börn ættu að mæta til skóla og hvenær starfsmenn ættu að mæta til vinnu. Óvissa var hvernig yrði með skólaakstur, þar sem erfitt er að halda tveggja metra fjarlægð milli barna í skólabíl. Einstaklingar, bæði nemendur og starfsfólk, féllu undir viðkvæma hópa og til þess þurfti að taka tillit. Eftir að sveitarstjórn og aðrir aðilar sem við komu málinu voru búnir að ráðfæra sig var ákveðið að hafa starfsdag mánudaginn 16. mars, eins og margir aðrir skólar voru búnir að gefa út að myndi verða. Í töflu 1 sjást helstu aðgerðir fyrir hverja stofnun sveitarfélagsins.

Skólahald og starfsmannahald hreppsins var skipulagt helgina 14.–15. mars og á sunnudagskvöldi var skólastjóri tilbúinn með plan til þess að kynna fyrir starfsfólki á mánudagsmorgni, þann 16. mars. Skólastjórinn fékk nokkuð frjálsar hendur til þess að ákveða hvernig best væri að halda skólahaldi áfram, en vann áætlun í samráði við sveitarstjórn. Fyrsta sem unnið var valkostagreining á hinum ýmsu þáttum þar sem skoðað var hvernig starf yrði með eða án aðgerða og hver útkoman væri með skertri þjónustu. Til dæmis, ef horft er á skólabílaakstur. Ef engu hefði verið breytt hefðu hópar blandast og mismunandi bekkir, margar fjölskyldur, börn og bílstjórar hefðu lent í nálægð og yrðu þar af leiðandi útsettari fyrir smiti. Einnig hefðu aukin þríf fallið á bílstjórana. Hins vegar hefði aukakostnaður verið mjög lítill fyrir sveitarfélagið. Ef farið hefði verið í aðgerðir, til dæmis að foreldrar hefðu keyrt börnum í skólann, þá hefði aukakostnaður orðið mikill og skólabílstjórar hefðu orðið fyrir tekjutapi. Skert þjónusta yrði nokkurs konar millivegur, þar sem skólaakstur var nýttur að hluta, með eitthverju tekjutapi fyrir bílstjóra. Svona mat var einnig gert fyrir tómstundastarf, tónlistarkennslu, sundlaug, mötuneyti, leikskóla, almenna starfsmenn hreppsins og fyrir grunnskólann.

Fyrirkomulag var kynnt starfsfólki að morgni mánudagsins 16. mars og undirbúningur hófst svo að skólastarf gæti hafist að nýju. Það var ákveðið að færa skólastarfið að mestu í fjarkennslu. Þannig hefðu öll börn jafnt aðgengi að námi, þar með talið þau sem þurftu að fara í sóttkví eða komust ekki í skóla vegna fjölskyldumeðlims í áhættuhópi. Umsjónarkennarar hvers bekks hittu nemendur sína reglulega á skjáfundum, þar sem þau fengu upplýsingar, aðstoð og leiðbeiningar. Hvert barn hafði síðan kost á því að mæta að minnsta kosti einu sinni í viku í skólann á milli níu og tólf. Þar var passað að þau hefðu bara samneyti við sinn umsjónarkennara og bekkjarféлага. Koma þeirra í skólan var meðal annars gert til þess að börnin fengju að hitta hvert annað og gætu haldið áfram að tengjast samnemendum sínum. Skólabílar keyrðu börn í skólann, en færri nemendur voru í hverri ferð, því börnin mættu ekki öll sömu daga í skólann. Því var hægt að halda meiri fjarlægð á milli þeirra í bílnum. Auk þess sem bílstjórar þrifu snertifleti inn í skólabílunum eftir hverja ferð. Mötuneytið lokaði fyrir grunnskólabörnin, en eldaði áfram fyrir leikskólabörnin. Ásamt því að mötuneyti Barmahlíðar var enn starfandi á eðlilegan máta. Sund- og íþróttakennsla féll niður og einnig tómstundastarf. Tónlistarskóli hélt áfram kennslu í gegnum fjarfundarbúnað (Sveitarstjórn Reykhólahrepps, e.d.b). Leikskólabörnum var skipt upp í forgangshópa,

eftir starfi foreldra, einnig gátu foreldrar óskað eftir sérstökum vistunartímum. Þrif á leikföngum urðu mun meiri en vanalega. Leikföngunum var skipt upp í fimm flokka og var hver flokkur notaður í einn dag á viku. Þannig var hvert leikfang bara notað einu sinni í viku. Leikskólagjöld voru rukkuð eftir vistunartíma barns í leikskólanum (Sveitarstjórn Reykhólahrepps, e.d.a).

Tafla 1 – Samantekt aðgerða Reykhólahrepps vegna samkomubanns út af COVID-19

GRUNNSKÓLI	<ul style="list-style-type: none"> -Nemendur mæta 1-2x í skólann í viku -Eru í skólanum frá 9-12 -Annars í fjarkennslu -Ekki samneyti á milli bekkja -Ekki sami kennari sem sér um fjarkennslu og staðkennslu -Stoðþjónusta bæði í gegnum fjarfundabúnað og á staðnum -Kennarafundir -Stoðþjónusta fundar -Tölvupóstar frá skólastjóra -Sami starfsmaður vinni ekki í grunnskóla og í Barmahlíð -Ekki mötuneyti -Engin sund- og leikfimi kennsla -Tómstundarstarf fellur niður
LEIKSKÓLI	<ul style="list-style-type: none"> -Börn sett á forgangslista eftir starfi foreldra -Leikföngum skipt í fimm hluta -Sami starfsmaður vinni ekki á leikskóla og Barmahlíð -Fá mat úr mötuneyti
TÓNLISTARSKÓLI	<ul style="list-style-type: none"> -Kennsla í gegnum fjarfundarbúnað -Fullorðnum boðið að fara í tónlistarnám
ÞRIF	<ul style="list-style-type: none"> -Þrif aukin -Allir snertifletir þrifnir í lok kennslu -Farið í vorþrif þar sem það er hægt -Ekki sami starfsmaður sem þrífur hjá stoðþjónustu og öðrum
MÖTUNEYTI	<ul style="list-style-type: none"> -Mötuneyti grunnskóla lokar -Farið í viðhald á mötuneyti grunnskóla -Mötuneyti heldur áfram fyrir leikskóla og Barmahlíð
SKÓLAAKSTUR	<ul style="list-style-type: none"> -Keyra alla daga en ekki á alla bæi alla daga -Aukin þrif
SUNDLAUG	<ul style="list-style-type: none"> -Sundlaug lokar -Starfsmenn fara í aukin þrif og aðstoð í áhaldahúsi -Farið í viðhald á klefum í sundlaug
BARMAHLÍÐ	<ul style="list-style-type: none"> -Heimsóknarbann frá 10. mars -Hlífðarfatnaður til staðar -Skipt um hjúkrunarforstjóra í byrjun samkomubanns -Starfsmenn gæta að þrifum milli vakta -Aukin þrif
SKRIFSTOFA	<ul style="list-style-type: none"> -Reynt að minnka samgöngur á milli stofnanna -Venjulegur rekstur að mestu
ÁHALDAHÚS	<ul style="list-style-type: none"> -Starfsmenn skipta á milli sín svæðum -Ekki sami starfsmaður í Barmahlíð og grunnskóla -Sorpflokkun hélt áfram með einum starfsmanni sem ekki fór á aðrar stofnanir
UPPLÝSINGAR	<ul style="list-style-type: none"> -Dreifibréf send frá sveitarstjórn -Skólastjóri heldur samskiptum við sitt starfsfólk -Hjúkrunarforstjóri/formaður Barmahlíðarnefndar í samskiptum við starfsfólk -Sveitarstjóri í samskiptum við skrifstofu og áhaldahús -Leiðbeiningar um hvenær eigi ekki að mæta til vinnu eða skóla

Almennar leiðbeiningar voru sendar á alla um hvenær börn áttu að mætta í skóla og fólk í vinnu. Gilti það jafnt um alla, ef sá einstaklingur var með einkenni kvefs, þá átti sá hinn sami að halda sig heima, sama átti við um börn. Ef grunur var um að einhver á heimilinu er með COVID-19 smit þá ættu allir á heimilinu að halda sig heima þar til að staðfest er að ekki sé um COVID-19 sé að ræða. Starfsfólki hreppsins var sömuleiðis skipt upp í flokka og fengu vinnusvæði. Sami maður mátti ekki vinna við viðhald í Barmahlíð og í grunnskólanum og öfugt. Sundlauginni var lokað um óákveðinn tíma, til þess að geta mannað aðrar stöður. Sorpflokkun hélt áfram, en einungs einn starfsmaður vann þar og fór ekki inn á aðrar stofnanir hreppsins (Sveitarstjórn Reykhólahrepps, 2020, 16. mars). Ákveðið var að nýta ástandið og fara fyrr í framkvæmdir á sundlaug og mötuneyti, en þær framkvæmdir hefðu annars farið fram í júní.


Þriðjudaginn 17. mars samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögunum til að skapa svigrúm til að vinna í neyðarástandi og til þess að tryggja að sveitarstjórnir séu starfhæfar. Allt starf sveitarstjórnar sem fór fram 13.-16. mars hafði farið fram með óformlegum hætti og engar samþykktir verið gerðar. Venjuleg starfsregla hefði verið að fastanefnd þyrfti að afgreiða málið svo verði að líða tveir sólarhringar áður en sveitarstjórn getur afgreitt málið frá fastanefnd. Með breytingunum á sveitarstjórnarlögunum nr. 138/2011 frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra máttu sveitarstjórnir núna nota fjarfundarbúnað, breyta starfi fastanefnda og fastanefndir geti full afgreitt mál upp að vissu marki. Vinnulagið sem var sett á í grunn- og leikskóla Reykhólahrepps var samþykkt á fundi Mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps þann 8. apríl, þar sem sömuleiðis var starfsfólki, nemendum og foreldrum hrósað fyrir gott samstarf (Mennta- og menningarmálanefnd, 2020). Á mynd 2 er hægt að sjá tímalínu með helstu vörðum í aðgerðum sveitarstjórnar Reykhólahrepps borna saman við tímalínu helstu varða af COVID-19 á Íslandi.

4.2 ALMANNAVARNIR

Í hverju sveitarfélagi á Íslandi á að vera virk almannavarnanefnd sem er skipuð af sveitarstjórn. Hlutverk þessara nefnda er stefnumótun og skipulagning almannavarna í sínu sveitarfélagi (Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, 2019, 18. mars). Í Reykhólahreppi er skipuð almannavarnanefnd, en sú sem var í gildi 16. mars 2020 hafði einungis fundað tvisvar sinnum á kjörtímabilinu og þá einungis um brunamál (Brunamála- og almannavarnanefnd, 2020). Í kjölfar óveðrana í desember ákvað sveitarstjórn Reykhólahrepps að virkja almannavarnanefndina til þess að bregðast við fjölmörgum göllum í almannavörnum sveitarfélagsins (Sveitarstjórn Reykhólahrepps, 2019) en því hefur ekki enn verið fylgt eftir. Í kjölfar samkomubanns 16. mars var rætt innan sveitarstjórnar að virkja almannavarnanefnd, þar sem þyrfti að vinna viðbragðsáætlanir fyrir stofnanir hreppsins og annað er viðkemur ef til alvarlegs smits kæmi í sveitarfélaginu. Á sveitarstjórnarfundi þann 31. mars var ákveðið að breyta nefndarmönnum í Brunamála- og almannavarnanefnd, þar sem sveitarstjórnarfólki þótti rökréttara að hafa formann björgunarsveitar, hjúkrunarfræðing og varðstjóra slökkviliðs í þessari nefnd frekar en almenna borgara (Sveitarstjórn Reykhólahrepps, 2020, 31. mars). Kjörbréf voru ekki komin til nýkjörinna fulltrúa fyrir 17. apríl 2020 og hittist nefndin því ekki á meðan á þessari rannsókn stóð.

Vettvangsstjórn almannavarna Vestfjarða fyrir svæðið Reykhólahreppur, Hólmavík og Strandir var virkjuð föstudaginn 3. apríl 2020. Formaður björgunarsveitarinnar á Reykhólum tók að sér að sitja fundi en einnig átti sveitarstjóri Reykhólahrepps að sitja fundina. Fyrsti fundur var mánudaginn 6. apríl og voru upplýsingafundir haldnir vikulega eftir það. Sveitarstjóri Reykhólahrepps sat enga fundi en formaður björgunarsveitarinnar á Reykhólum er einnig sveitarstjórnarmaður, því fékk sveitarstjórnin upplýsingar af þessum fundum í gegnum þann aðila (Karl Ingi Vilbergsson, tölvupóstsamskipti, 4. apríl 2020). Einnig sat formaður björgunarsveitar fundi með svæðisstjórn á svæði fimm

vikulega í gegnum fjarfund og gat miðlað upplýsingum þaðan til sveitarstjórnar (Einar Strand, munnleg heimild, 13. mars 2020).



Mynd 2 - Tímalína COVID-19 á Íslandi og aðgerða sveitarstjórnar Reykhólahrepps

4.3 ÁFRAMHALDANDI SAMKOMUBANN

Samkomubann var hert þann 22. mars af Heilbrigðisráðherra (Heilbrigðisráðuneytið, 2020, 22. mars). Höfðu þær reglur ekki áhrif á þær starfsreglur sem var farið eftir í Reykhólahreppi og gekk því allt áfram eins og áður hafði verið ákveðið. Þann 3. apríl var samkomubann framlengt til 4. maí (Heilbrigðisráðuneytið, 2020, 3. apríl). Sveitarstjórn

Reykholahrepps sendi frá sér 8. apríl dreifibréf þar sem hún þakkar íbúum hreppsins fyrir að hafa tekið höndum saman og fylgt reglum og staðið saman gegn COVID-19. Þar voru íbúar minntir á að halda áfram þessu góða starfi til þess að komast í gegnum faraldurinn (Sveitarstjórn Reykholahrepps, 2020, 8. apríl). Á sveitarstjórnarfundi Reykholahrepps þann 14. apríl 2020 var farið yfir stöðu mála vegna COVID-19, starf og framkvæmdir ganga vel í hreppnum og eiga íbúar hrós skilið fyrir það. Einnig voru kynnt næstu skref, t.d. hvernig starf vinnuskóla yrði mögulega háttá (Sveitarstjórn Reykholahrepps, 2020, 14. apríl).

4.4 ÞEMAGREINING

Hér eftir eru farið yfir þemun úr viðtölunum sem voru tekin við fimm starfsmenn grunn- og leikskólans á Reykhólum, Reykhólaskóla. Þemun tvö eru: Viðbrögð og lærdómur.

4.4.1 VIÐBRÖGÐ

Viðmælendum þóttu viðbrögð sveitarstjórnar og skólastjóra vera nokkuð góð. Að sveitarstjórnin ásamt skólastjóra hafi brugðist strax við; ástandinu hafi verið tekið alvarlega. Það hafi verið unnið frekar hratt að skipulagi fyrir skólastarfið. Það sem kom tveimur viðmælendum á óvart var að skólastarfið hafi ekki verið skipulagt meira með kennurum eða starfsfólkinu sem er á gólfinu. Þeir þekktu til á öðrum stöðum þar sem kennarar og starfsfólk tóku þátt í mótun skólastarfsins og einnig telja þeir að það hefði geta komið í veg fyrir hnökra í byrjun að vinna skipulagið með þeim. Þrátt fyrir það þá voru þessir tveir einstaklingar samt sem áður ánægðir með hvernig fyrirkomulagið á kennslunni var háttáð í samkomubanninu.

Einum viðmælenda fannst óþægilegt að fyrir samkomubann hafi myndast skelfingar ástand sem honum fannst óþægilegt, stöðugt verið að minna á reglur um tvo metra, spritt og handþvott. Það var vitað að takmörkun á skólahaldi væri möguleiki í náinni framtíð en framkoman yfirmanns hafi verið áráasagjörn, í staðin fyrir að setjast niður með öllum og finna lausn saman.

„Maður var meðvitaður að þetta [innsk. samkomubann] var hugsanlega að fara að gerast. Mér fannst vanta að setjast svolítið niður og tala við okkur starfsfólkið, jæja eru þið með hugmynd? Það var alltaf verið að segja okkur, ég meina við erum fullorðið fólk, það var alltaf verið að segja okkur hvað við mætum ekki gera. Ég upplifði þetta neikvætt“.

Viðmælendur voru einnig spurðir hvort það hafi verið endurmetið reglulega hvort einhverju þyrfti að breyta. Allir höfðu lent í því að hafa þurft að endurmeta og breyta einhverju sem virkaði ekki eins og þeir vonuðust til. Á unglingastigi var kennslan í byrjun þannig að unglingarnir fengu að velja sér viðfangsefni til að vinna með, en það kom í ljós þegar leið á að ekki allir réðu við það háttalag á kennslu. Þannig að kennarinn ákvað að fá frekar pott af hugmyndum frá nemendum sínum og gefa síðan öllum verkefni út frá því, þannig að kennslan varð formfastari.

Það sem kennurum fannst erfitt var að sjá ekki alla nemendurna sína maður á mann og höfðu jafnvel ekki séð hluta þeirra síðan 13. mars, þar sem ekki sami kennari sá um fjarkennsluna og staðkennsluna. Þá sáu þeir kosti þess að vera í litlu samfélagi, þar sem flestir eru tengdir á Facebook og því hægt að sjá örlítið frá þeim sem ekki eru á svæðinu. Kennari á yngri stigum nefndi að honum fyndist fyrirkomulagið á skólahaldinu koma jákvætt út fyrir nemendurna, þar sem viðvera í skólanum var einungis á milli níu og tólf og þau voru komin út að leika sér og hjóla strax eftir hádegi. Það virðist hafa haft þau

áhrif að þau urðu sneggri að ákveða hvaða leik þau vildu fara í í skólanum að hans mati. Almennt fannst viðmælendum sveitarstjórn koma vel út úr aðgerðunum og það hafi verið strax gefið út „að svona ætlum við að hegða okkur“.

Fyrir 16. mars fannst flestum upplýsingar sem þeir fengu nokkuð góðar, skólastjóri sendi tölvupósta með upplýsingum og einhverjar tilkynningar höfðu verið skrifaðar upp á töflu. Einn viðmælandi nefnir að þeir sem eru ekki alltaf inn á kaffistofu þegar aðrir eru þar, eða eru í litlu samneyti við aðra starfsmenn hafi þurft að reiða sig á tölvupósta og tilkynningar á veggnum og það hefði mátt bæta upplýsingaflæðið til þeirra. Einnig voru krakkarnir, þá sérstaklega eldri nemendur, mikið að spyrja kennara um hvernig hlutirnir væru. Einn viðmælandi nefndi að það hefði verið betra að vita meira hvernig fyrirkomulagið yrði til þess að geta svarað þeim betur „þau [ínnsk. unglíngarnir] voru mikið að velta þessu fyrir sér og eru mikið að spyrja og velta fyrir sér og mér finnst voðalega vont að hafa ekki svör handa þeim“.

Á meðan samkomubanninu stóð og skólahald var með breyttu formi var misjafnt hvernig viðmælendum fannst upplýsingaflæðið vera. Tölvupóstar voru sendir um breytingar og það sem var að gerast. Einn viðmælandi nefndi að tölvupóstarnir væru stundum of margir og hefði verið flókið að ráða úr þeim sérstaklega þegar sami pósturinn kom oftast en einu sinni. Allir viðmælendur nefndu að það hefði verið mikill fjöldi tölvupósta í byrjun, en svo hafi það jafnast út og hafi orðið auðveldara að fylgjast með. Nefndu þeir þá að upplýsingaflæðið hefði jafnvel dalað á tímabili og orðið of lítið en aukist aftur og verið í góðu jafnvægi síðan þá. Hins vegar þá fór það eftir starfssviðum hvernig upplýsingar og samskipti fóru fram. Reglulega voru haldnir kennarafundir í fjarfundi, en á þeim fundum voru t.d. ekki starfsmenn stoðþjónustu, en alla jafna sitja starfsmenn úr því teymi á kennarafundum. Starfsmaður á sérdeildinni nefndi að það hefði verið betra ef sá einstaklingur hefði setið kennarafundina

„Ég hefði viljað vera inn á kennarafundunum, bara til að vita hvað er að gerast. Bara ef ég á að fylgjast með börnunum, þau þurfa einhverja aðstoð, þá hefði kannski verið að sniðugt að hlusta á hvernig gengi með þau. En ég hef fundað reglulega með sérkennara hjá Tröppu og ég hef kallað á kennara til að funda með mér. Ég hef alveg fengið upplýsingar um þau börn sem við vorum að spá í, ég og sérkennarinn hjá Tröppu“.

Reykholahreppur er í samstarfi við Tröppu. Trappa er fyrirtæki sem nýtir tæknina til þess að bjóða upp á skólaþjónustu, sérfræðiráðgjöf og fjarþjálfun fyrir börn og fullorðna (Trappa, e.d.). Einn kennari nefndi að þótt það hefði verið fundað reglulega, þá hefði gæði fundanna ekki verið alltaf nógu góð. Einnig sátu ekki skólaliðar eða stuðningsfulltrúar þessa kennarafundi. Stoðþjónustu hópurinn hélt einnig reglulega fjarfundi, til að byrja með sat skólastjóri reglulega með þeim eða var búinn að ræða við deildarstjóra stoðþjónustu, en þegar á leið þá hætti skólastjóri að eiga fjarfundi með þessum einstaklingum og samskiptin voru einungis í gegnum tölvupóst.

Tveir viðmælendur nefndu að þeim fyndist skólaliðar hefðu orðið svolítið út undan og þeir hefðu jafnvel þurft að leita sér upplýsinga hjá kennurum. Þeir sátu enga fundi með starfsmönnum né skólastjóra og skólaliðum fannst þeir ekki vera nógu vel upplýstir um gang mála. Þótt að það hafi alltaf verið hægt að hringja eða senda tölvupóst hefðu þeir viljað fá fjarfundi annað slagið með skólastjóra. Einn skólaliði sagði „maður veit ekki neitt, leiðinlegt að vera alltaf hringjandi og spyrja og hvað svo? Við erum svolítið gleymdar já, en er það ekki svolítið svona með ræstingarfólkið?“.

Þeir viðmælendur sem eiga nemendur við skólann nefndu að það hefði verið stundum flókið að vita hvenær ætti að senda börnin í skólann og hvenær ekki.

4.4.2 LÆRDÓMUR

Viðmælendurnir lærðu bæði nýja hluti sem tengjast starfinu, en einnig lærdóm sem nýttist þeim persónulega. Það sem kom fram í flestum viðtölum var aukin tæknikunnátta. Starfsfólki stóð mun meira af námskeiðum til boða með auðveldara aðgengi. Einnig hafa starfsmenn geta sótt aðalfundi hjá sínum stéttarfélögum sem eru yfirleitt haldnir seinni part í miðri viku á höfuðborgarsvæðinu og á fólk úti á landi erfitt með að mæta þá. Einn viðmælandi nefndi að það væri gott að:

„geta fengið meiri fræðslu án þess að fara eitthvað. Það sparast bæði mér og sveitarfélaginu að ég geti verið heima hjá mér og tekið þetta námskeið – það er líka ódýrara fyrir náttúruna, því ég er ekki að keyra bíl, þetta er allt tengt þessari tölvunotkun“.

Voru viðmælendur búnir að nýta sér fjarfundaformið og mæta á námskeið til þess að styrkja sig í starfi. Einnig þar sem kennslan fór fram þá þurftu allir starfsmenn að læra að kenna með tækninni. Einn kennari lét börnin skila verkefni sem hlaðvarpi og sér fyrir sér að geta nýtt það aftur. Þótt að Reykhólaskóli hafi verið byrjaður að tileinka sér fjarkennslu áður en samkomubannið var sett á, þá þurftu allir að læra mun hraðar að nýta sér tæknina. Einnig höfðu þau tíma til þess að styrkja tæknikunnáttu með því að sitja námskeið og prófa sig áfram í framhaldinu. Einn viðmælandi sagði *„ég er bara ekki frá því að ég sé t.d. betri kennari fyrir vikið. Bara vegna þess að ég kann meira tölvutengt“*.

Einnig þurftu kennarar og stoðteymi að læra að funda með einu barni í einu, sýna þeim gögn í gegnum fjarfundabúnað og fleira. Þrátt fyrir það nefndi einn kennari að honum fyndist slæmt að geta ekki rætt við börnin maður á mann og það væri erfiðara að fylgja verkefnum eftir. Hins vegar hafi allir verið að læra saman hvernig væri best að kenna með nýju fyrirkomulagi og þurfti að breyta aðeins kennslunni þegar á leið til þess að hún kæmi sem best út. Einn kennari sagði að: *„ég væri bara nýgræðingur eins og þau í þessu málefni, ég gerði þetta í þínku samráði við þau, hvernig þau vildu hafa þetta“*.

Sumir viðmælendur sáu tækifæri til þess að nýta nýjan lærdóm og aðferðir við venjulega kennslu, með því að nýta tæknina meira. Þá nefndu margir að þetta gæti nýst þegar annað hvort nemendur eða starfsmaður er veðurtepptur heima hjá sér og kemst ekki í skólann. Þá geti þeir mætt í tíma og þannig missi nemendur ekki eins mikið úr náminu. Einnig nefndu viðmælendur að þeir vonuðust til þess að fjarnámskeiðishald myndi halda áfram að vera í boði.

„Mér líður bara vel“ var það sem allir viðmælendur sögðu þegar þeir voru spurðir um líðan sína. Nefndu sumir að þeir vissu þó að þetta hefði verð erfitt fyrir suma. Til dæmis þar sem börnin voru erfið og báðir foreldrarnir kannski úti vinnandi, því hefði álagið aukist á sumar fjölskyldur. Viðmælendunum leið almennt vel, þar sem þeir höfðu meiri tíma fyrir sjálfan sig og með fjölskyldunni, þótt þeir væru að skila sömu vinnu. Eða jafnvel meiri vinnu þar sem vinnufriðurinn var meiri, en með styttri viðveru. Einnig fannst þeim flestum að það sjálft og fólk í kringum væri að róast. Það væri ekki hægt að vera að skreppa til Reykjavíkur eða skjótast eitthvert eftir vinnu, þá kom í ljós að það var hægt að hafa það mjög notalegt heima við. Eins og einn viðmælandinn sagði: *„við lærum svolítið að vera sjálfum okkur nóg og vera þakklát fyrir það sem maður á og kannski kann að meta hlutina svolítið betur“* og annar nefndi:

„[ínnsk. þetta] sameinaði kannski margar fjölskyldur að gera eitthvað saman og kannski bara hægir á þessari lífstílsvitleysu í okkur að vera ekki æðandi út um allt. Maður sér alveg að maður lifir þetta alveg af þótt að maður sé ekki að þvaldrast eitthvað í Reykjavík og fara eitthvert. Og maður hefur ekki skort neitt og er bara búinn að hafa það fínt“.

Viðmælendurnir eru meðvitaðir um það að upplifunin væri mögulega öðruvísi ef að samfélagssmit hefði komið upp á Reykhólum „ég fer miklu jákvæðari og sterkari út úr þessu, en það er líka af því að við höfum ekki orðið veik, við höfum ekki lent í neinum áföllum“.

Allir viðmælendurnir söknuðu þess að geta ekki hitt og hjálpað nánustu ættingjum sem ekki búa á heimilinu. Fólk sem á uppkomin börn og barnabörn söknuðu þess að geta hitt þau knúsað þau og leyft þeim að gista. Þeir sem eiga foreldra sem eru langt frá þeim fannst erfitt að geta ekki hitt þau og aðstoðað ef þau þurftu þess. „Ég væri til í að fólkið mitt kæmi, þótt ég fái tækifæri til að spjalla við þau, þá væri ég alveg til í að hafa þau hjá mér“.

5. UMRÆÐUR

Eftir að hafa skoðað störf sveitarstjórnar og skólastjórnenda ásamt að hafa tekið viðtöl við starfsmenn Reykhólaskóla er hægt að segja að heilt yfir hafi verið unnið gott verk við krísustjórnun í Reykhólaskóla. Þrátt fyrir að það eru tækifæri til þess að læra. Sveitarfélagið var ekki með neina krísustjórnunaráætlun fyrir neina af stofnunum hreppsins, því voru aðgerðir spilaðar af fingrum fram. Eins og fram kom þá voru viðmælendur ánægðir með viðbrögð sveitarstjórnar, að það hafi strax verið tekið á ástandinu og gefnar út leiðbeiningar. Hugsanlega hefði skólastjórnendur og sveitarstjórn geta byrjað fyrr að skipuleggja hvað væri hægt að gera ef til samkomubanns kæmi. Ástæðan fyrir því að draga þetta gæti verið að hugsanlega bjuggust þau við að það kæmu almennar leiðbeiningar fyrir alla til að fara eftir.

Ekki voru allir viðmælendurnir sáttir við stjórnun skólastjórans og er það eitt stærsta tækifærið til þess að læra af. Til dæmis voru skólaliðar ekki á reglulegum fundum innan skólans og það voru engir almennir starfsmannafundir þar sem allir fengu upplýsingar. Skólastjórinn virðist hafa verið að þreifa sig áfram með samskiptin á meðan á samkomubanninu stóð. Í upphafi fór jafnvel of mikið af upplýsingum til fólks, svo var tímabil, með of litlum upplýsingum og að lokum varð nokkuð passlegt magn af upplýsingum frá skólastjóra. Hugsanlega þarf líka að taka inn í myndina að starfsfólkið sjálft þurfti að venjast því að fá upplýsingar á annan hátt en vanalega og var þetta því lærdómsferli á báðum endum. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir þessa samskiptabresti ef til hefði verið áætlun, sem hefði tekið á samskiptum og fundarhaldi. Einnig hefði sveitarstjórn og skólastjórnendur geta tekið samskiptaleiðir og samskiptaform inn í vinnuna sem var gerð milli 13. mars og 16. mars, þegar skólahald var skipulagt.

Það sem sveitarstjórn Reykhólahrepps getur hugsanlega tekið til sín sem lærdóm í kjölfar samkomubannsins er mikilvægi þess að búa til krísustjórnunaráætlun og æfa hana. Eins og Coombs (2018) segir er mikilvægt að búa til krísustjórnunaráætlun um helstu krísur sem gætu komið upp. Því þótt önnur krísa komi upp en áætlunin er um, gætu viðbrögðin verið lík. Í þessum krísustjórnunaráætlunum er mikilvægt að krísustjórnunarhópur sé skilgreindur, en einnig sé skilgreindur talsmaður hópsins og hvernig samskiptaleiðir eigi að vera. Skipulag samskipta þarf að endurskoða og setja fram markhópa, form og tíðni skilaboða. Krísustjórnunaráætlun hefði geta tekið á samskiptaleiðum frá skólastjóra til starfsmanna og líklegra hefði verið að allir starfsmenn hefðu fengið þær upplýsingar sem þeir þurftu frá réttum aðila. Einnig hefði skólastjóri ekki þurft að þreifa sig áfram með hvernig samskipti ættu að vera og hversu mikil. Krísustjórnunaráætlunin hefði átt að taka á því.

Góður krísustjórnandi þarf að hafa jákvæð áhrif á alla skipulagsheildina (James og Wooten (2010). Ef miðað er við niðurstöður úr viðtölum virðist einn hópur hafa gleymst í

krísustjórnunarferlinu, en það voru skólaliðarnir. Einnig hefði verið hægt að gæta að samhæfingu starfshópsins til dæmis með því að deildarstjóri stoðþjónustu sæti kennarafundina. Ef til hefði verið viðbragðsáætlun við grunn- og leikskólann um það hvernig á að haga samskiptum og stjórnun þegar skólastarf breytist eða með fyrr nefndri krísustjórnunaráætlun samkvæmt Coombs (2018) hefði hugsanlega verið hægt að koma í veg fyrir aðlögunartíma á upplýsingaflæði og að skólaliðar voru ekki með í samskiptunum.

Hafa ber að hafa í huga að ekkert samfélagssmit var á svæðinu og því steðjaði ekki áþreifanleg hættu að. Hætta er á að sveitarstjórnin sofni á verðinum eins og eftir óveðrin í desember 2019 og virkji ekki Bruna- og almannavarnarnefndina til þess að vinna að krísustjórnunaráætlunum við helstu mögulegum krísum og æfa hana svo allir séu betur í stakk búnir þegar næsta krísa kemur. Sú krísa gæti verið t.d. snjóflóð, óveður eða annar sóttfaraldur. Það hefði kannski verið auðveldara að skipuleggja skólastarf og önnur viðbrögð við COVID-19 ef til hefði verið krísustjórnunaráætlun um aðra krísu.

Viðbrögðin sýndu samt sem áður að fólk var tilbúið til þess að vinna saman. Kennarar og starfsfólk skólans vann að því að breyta og aðlagast að ástandinu. Einnig nýttu þau tækifærið og prófuðu nýja hluti, sóttu ótal námskeið og styrktu sjálfa sig í ástandinu. Viðmælendur nefndu að það væri óskandi að þeir fjölmörgu aðilar sem halda námskeið af ýmsu tagi haldi áfram að bjóða upp á þau námskeið sem hægt er í fjarkennslu, svo að fólk úti á landi geti haldið áfram í símenntun hvar sem það er staðsett. Upplifun viðmælenda var svipuð því að fara á núvitundarnámskeið, þar sem þeir áttuðu sig á því að það er fínt að vera þar sem maður er og þurfa ekki að vera á stöðugum þeytingi hingað og þangað. Einnig var ekki hægt að skipuleggja næstu helgi, eða næstu viku. Þar af leiðandi þurftu viðmælendur að vera í núinu alla daga.

Samkvæmt fræðunum þá felst stjórnun krísu í þremur þáttum; forvörum, stjórnun á krísustund og viðbrögð við afleiðingum (Coombs, 2006). Samkvæmt því er hægt að segja að þessi rannsókn hafi farið fram á tímabilinu: stjórnun á krísustund. Það er mikill auður af þekkingu og reynslu sem hefur safnast á þessum tíma og er tækifæri til þess að læra af reynslunni. Stærstan lærdóm má draga af samskiptunum; ekki var til áætlun um hvernig þau áttu að vera. Talsverður aðlögunartími var varðandi hvernig upplýsingaflæðið frá stjórnendum ætti að vera til að fá góða útkomu. En einnig gleymdist að hafa alla starfsmenn jafn vel upplýsta hvað var að gerast og þannig að allir starfshópar fengju jafnt vægi í varðandi athygli og aðgengi að upplýsingum; það vantaði að skilgreina breidd hópsins.

Hvað gekk vel? Til dæmis reyndist fjarkennslan vel, símenntun og aðsókn námskeiða hjá starfsmönnum jókst. Aðlögunarhæfni kennara og barna var góð og starfsfólk þurfti að læra á allskyns tæknimál og forrit sem það hefði mögulega annars sett á hakann.

6. ÁLYKTANIR

Hafa ber í huga að í eigindlegri rannsókn eins og þessari er ekki hægt að alhæfa skoðanir viðmælenda yfir á almennt álit. Hins vegar gefur hún ágætis hugmynd um hvernig hægt er að leita stuðnings í fræðunum fyrir dæmið sem hér er fjallað um. Dæmið lýsir upplifun starfsfólks Reykhólaskóla á meðan samkomubanni stóð og á meðan kennslufyrirkomulag var óhefðbundið. Gefur þessi rannsókn því dýpri skilning á upplifun þess heldur en ef hefði verið sótt magn af tölulegum upplýsingum. Einnig ber að hafa í huga að upplifun viðmælenda er á svæði þar sem ekkert samfélagssmit er til staðar. Væri þessi rannsókn gerð þar sem samfélagið hefur orðið fyrir miklum áföllum vegna COVID-19, til dæmis á

Bolungarvík, þá er mjög líklegt að niðurstaðan hefði verið öðruvísi. Því væri mjög áhugavert að geta borið saman niðurstöður frá öðrum stöðum á landinu til að sjá mismunandi upplifun og álit á viðbrögðum sveitarstjórnar og skólastjórnenda eftir því hversu mikið samfélagssmit er á svæðinu.

Það sem er mjög áhugaverð niðurstaða úr þessari rannsókn er hversu ánægt fólk er að fá þær skorður á sig og verða að hægja á hjólum lífsins. Fólk er að læra að njóta upp á nýtt með því að vera til staðar en ekki verða fara eitthvert og gera eitthvað til þess að njóta. Einnig er gaman að sjá hversu vel tókst hjá sveitarstjórn og skólastjóra að endurskipuleggja allt skólahald og gefa út leiðbeiningar til íbúa á þremur sólarhringum. Spurning hvort þar séu Íslensku genin sem spila inn í, þar sem fólk er vant því að bregðast við ógnum og aðlaga lífið sitt að þeim svo hægt sé að halda áfram að lifa. Til þess að sjá það þyrfti að bera viðbrögðin við svipaðar aðgerðir í öðrum löndum. Þrátt fyrir það, þá er mjög mikilvægt að læra af þessu ástandi og búa sig undir að þurfa að bregðast aftur við krísu.

Einnig er ein mikilvægasta niðurstaðan, að þrátt fyrir að skipulag og form kennslunnar sé vel skipulagt, þá má ekki gleyma því að það þarf líka að skipuleggja samskiptin og hvernig fólk hittist. Því það getur valdið óánægju ef ekki er rétt og vel farið að því eins og kom fram í viðtölum við starfsmenn Reykhólaskóla. Það vantaði upp á upplýsingaflæði til sumra hópa og að samskipti milli hópa berist rétt á milli. Samskipti og upplýsingaflæði á meðan samkomubanninu stóð í Reykhólaskóla er mikilvægur lærdómsflötur og hægt að nýta sem grunn ef vinna á að krísustjórnunaráætlun fyrir Reykhólaskóla.

Eftir að rannsókninni lauk, þá hefur skólastarf byrjað aftur í eðlilegri mynd og þá er komið að síðasta hlutanum í stjórnun á krísustund samkvæmt fræðunum, eða viðbrögð við afleiðingum. Það yrði áhugavert að sjá, til dæmis eftir eitt ár, hvað var nýtt áfram af því sem lærðist í samkomubanninu. Til dæmis getur lærdómur nýst vegna ófærðar, funda eða fjarkennslu. Einnig verður fróðlegt að sjá hvort að jákvæðir hlutir sem lærðumst á tímanum hafi verið notaðir til að styrkja einstaklinga og starfið og hvort að einstaklingar, sveitarstjórn og aðrir stjórnendur hafi lært mikilvægi þess að skipuleggja samskipti og mikilvægi þess að hafa áætlun til að bregðast við krísu, eða krísustjórnunaráætlun.

7. HEIMILDIR

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. (2019, 18. mars). *Almannavarnanefndir*. Sótt 25. apríl 2020 af <https://www.almannavarnir.is/almannavarnir/almannavarnanefndir/>
- Almannavarnarnardeild ríkislögreglustjóra. (2020, 6.mars). *Undirritun Landsáætlunar um heimsfaraldur*. Sótt 25. apríl 2020 <https://www.almannavarnir.is/frettir/undirritun-landsaaetlunar-um-heimsfaraldur/>
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. (2020, 13. Mars). *Samkomubann vegna COVID-19 tekur gildi 16. mars 2020*. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.almannavarnir.is/frettir/samkomubann-vegna-covid-19-tekur-gildi-16-mars-2020/>
- Berghildur Erla Bernharðsdóttir. (2020, 20. janúar). Engin ástæða til að óttast Wuhan-veiruna hér á landi enn sem komið er. *Vísir.is*. Sótt 26. apríl 2020 af <https://www.visir.is/g/2020200129883/engin-astaeda-til-ad-ottast-wuhan-veiruna-her-a-landi-enn-sem-komid-er>
- Bjarni Snæbjörn Jónsson. (2020). *Þrjú einkenni góðra krísustjórnenda*. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.visir.is/g/2020143189d/thrju-einkenni-godra-krisustjornenda>
- Brunamála- og almannavarnanefnd. (e.d.). *Fundargerðir / Brunamála- og almannavarnanefnd*. Sótt 26. apríl 2020 af <http://www.reykholar.is/stjornsysla/fundagerdir/flokkur/19/>
- Coombs, W.T. (2006) *Code Red in the Boardroom: Crisis Management as Organizational DNA*. Westport: Praeger Publishers.
- Coombs, W.T. (2007). *Crisis Management and Communications*. Institute for Public Relations. Sótt 19. apríl 2020 af shorturl.at/aCSU2
- Coombs, W. T. (2018). *Ongoing Crisis Communication: Planning, Managing, and Responding* (4. útgáfa). Thousand Oaks: SAGE Publications, Inc.
- Egill Örn Magnússon. (2014). *Krísustjórnun: Hvað ber að varast þegar krísa skellur á skipulagsheildum?*. Óbirt BS-ritgerð: Háskólinn á Bifröst, viðskiptafræði.
- Einar Strand. (13. mars 2020). Munnleg heimild.
- Embætti landlæknis. (2020,13. janúar). *Hópssýking lungabólgu í Kína af völdum nýrrar veiru*. Sótt 26. apríl 2020 af <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item38653/Hopsyking-lungnabolgu-i-Kina-af-voldum-nyrrar-veiru>
- Embætti landlæknis. (2020, 29. janúar). *Ráðleggingar til ferðamanna – Kórónaveira 2019-nCov*. Sótt 26.apríl 2020 af <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item38860/radleggingar-til-ferdamanna>
- Embætti landlæknis. (2020, 25. febrúar). *Skilgreind svæði með mikla smithættu og reglur um sóttkví – Defined areas with risk of infection and rules regarding self quarantine*. Sótt 26. apríl 2020 af <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item39194/Skilgreind-ahaettusvaedi---Defined-high-risk-areas>
- Embætti landlæknis. (2020, 28. febrúar). *Fyrsta tilfelli COVID-19 kórónaveiru greinist á Íslandi*. Sótt 26. apríl 2020 af <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item39280/Fyrsta-tilfelli-COVID-19-koronaveiru-greinist-a-Islandi>

- Hagstofa Íslands (e.d.a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2020 – Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2020*. Sótt 19. apríl 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=66906ad5-3f91-4cbc-8797-ae0fd85ba1e3
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Mannfjöldi eftir póstnúmerum, kyni og aldri 1998-2020*. Sótt 19. apríl 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px
- Heilbrigðisráðuneytið. (2020, 22. mars). *Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns*. Sótt 26. apríl 2020 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/22/Hertar-takmarkanir-a-samkomum-morkin-sett-vid-20-manns/>
- Heilbrigðisráðuneytið. (2020, 3. apríl). *Samkomubann framlengt til að hefta útbreiðslu Covid-19*. Sótt 26. apríl 2020 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/03/Samkomubann-framlengt-til-ad-hefta-utbreidslu-Covid-19/>
- Helga Garðarsdóttir. (2020, 10. mars). *Heimsóknarbann í Barmahlíð vegna Covid-19*. Sótt 19.4.2020 af http://www.reykholar.is/frettir/HeimsoknARBann_i_Barmahlid_vegna_Covid-19/
- James, E. H. og Wooten, L. P. (2010). *Leading under pressure: From surviving to thriving before, during, and after a crisis*. New York: Routledge.
- Karl Ingi Vilbergsson. (2020, 4. apríl). Tölvupóstsamskipti.
- McCaffrey, D. (2020, 22. apríl). Analysis: Is Sweden right in its handling of COVID-19. *EURONEWS*. Sótt 10. maí 2020 af <https://www.euronews.com/2020/04/21/analysis-is-sweden-right-in-its-handling-of-covid-19>
- Mennta- og menningarmálanefnd (2020, 8. apríl). *Fundargerð*. Sótt 26. apríl 2020 af <http://www.reykholar.is/stjornsysla/fundagerdir/skra/2281/>
- Mbl.is (2020, 6. mars). Heimsóknarbann á spítala og hjúkrunarheimilinum. *Mbl.is*. Sótt 26. apríl 2020 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/03/06/heimsoknARBann_a_spitala_og_hjukrunarheimilum/
- Moorthy, A.K. (2005). *Dynamic Business Continuity Planning For Enchanced Loss Prevention*. ASIS international. Sótt 25. apríl 2020 af <http://smc.com.sg/articles/Business%20Continuity%20Planning.pdf>
- Thorverk hf. (e.d.). *History of Thorverk*. Sótt 19. apríl 2020 https://thorverk.is/about_us/history/
- Trappa ehf. (e.d.). *Skólaþjónusta Tröppu*. Sótt 17. maí 2020 af <https://trappa.is/>
- Rakel Sveinsdóttir. (14. apríl 2020). Þrjú einkenni góðra krísustjórnenda. *Vísir.is*. Sótt 19. apríl 2020 af <https://www.visir.is/g/2020143189d/thrju-einkenni-godra-krisustjornenda>
- Reykhólavefurinn. (e.d.a). *Nefndir, ráð og stjórnir*. Sótt 19. apríl 2020 http://www.reykholar.is/stjornsysla/nefndir_rad_og_stjornir/
- Reykhólavefurinn. (e.d.b). *Stofnanir Reykhólahrepps*. Sótt 19.4.2020 <http://www.reykholar.is/stjornsysla/stofnanir/>

- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 með áorðnum breytingum 159/2011, 21/2012, 148/2012, 28/2013, 10/2014, 53/2018, 73/2018, 32/2019, 71/2019, 18/2020, 25/2020 og 29/2020
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (2019, 12. desember). *Fundargerð*. Sótt 26. apríl 2020 af <http://www.reykholar.is/stjornsysla/fundagerdir/skra/2176/>
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (2020, 8. apríl). *Kæru íbúar Reykhólahrepps – 8.4.2020*. Sótt 26. apríl 2020 af http://www.reykholar.is/upplýsingar_vegna_covid-19/skra/2279/
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (2020, 10. mars). *Fundargerð*. Sótt 19. apríl 2020 af <http://www.reykholar.is/stjornsysla/fundagerdir/skra/2221/>
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (2020, 16. mars). *Frá skrifstofu*. Sótt 26. apríl 2020 af http://www.reykholar.is/upplýsingar_vegna_covid-19/skra/2258/
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (2020, 31. mars). *Fundargerð*. Sótt 26. apríl 2020 af <http://www.reykholar.is/stjornsysla/fundagerdir/skra/2277/>
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (2020, 14. apríl). *Fundargerð*. Sótt 26. apríl 2020 af <http://www.reykholar.is/stjornsysla/fundagerdir/skra/2284/>
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (e.d.a). *Hólabær – til foreldra*. Sótt 26. apríl 2020 af http://www.reykholar.is/upplýsingar_vegna_covid-19/skra/2278/
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps. (e.d.b). *Reykhólaskóli og tómstundarstarf – fyrir foreldra*. Sótt 26. apríl 2020 af http://www.reykholar.is/upplýsingar_vegna_covid-19/skra/2264/
- Vísir.is (2020). *Faraldur kórónuveiru (COVID-19)*. Sótt 26. Apríl 2020 af [https://www.visir.is/t/2284/Faraldur%20k%C3%B3r%C3%B3nuveiru%20\(COVID-19\)/138](https://www.visir.is/t/2284/Faraldur%20k%C3%B3r%C3%B3nuveiru%20(COVID-19)/138)
- World Health Organization. (2020, 21. janúar). *Novel Coronavirus (2019-nCoV): Situation Report 1, 21. January 2020*. Sótt 26. apríl 2020 af https://www.who.int/docs/default-source/coronaviruse/situation-reports/20200121-sitrep-1-2019-ncov.pdf?sfvrsn=20a99c10_4
- World Health Organization. (2020, 8. apríl). *Reconfiguring health systems vital to tackling COVID-19*. Sótt 10. maí 2020 af <http://www.euro.who.int/en/countries/spain/news/news/2020/4/reconfiguring-health-systems-vital-to-tackling-covid-19>

8. Viðaukar

8.1 Spurningalisti

Bakgrunnsspurningar – verða ekki birtar

1. Hvað ertu gömul?
2. Hvert er þitt hlutverk /starfsheiti í Reykhólaskóla
3. Hvernig hefur starfssvið/vinnudagur breyst eftir að samkomubann var sett á (16. mars)?

Spurningar

1. Hvernig fannst þér viðbrögð sveitarstjórnar/menntanefndar/skólastjórn sem viðbrögð við samkomubanni vegna COVID-19?
2. Hvernig fannst þér upplýsingastreymi vera til þín í aðdraganda samkomubannsins frá sveitarstjórn/menntanefnd/skólastjórn
3. En á meðan samkomubanninu stóð?
4. Hvernig fannst þér samskipti þín við yfirmenn á meðan samkomubanninu stóð?
5. Hvað finnst þér hafa verið bestu viðbrögð við breytingar á skólastarfi vegna samkomubanns?
6. Hvað finnst þér hafa verið mesti galli við breytingar á skólastarfi vegna samkomubanns?
7. Hvað hefði mátt gera betur?
 - a. Fyrir?
 - b. Á meðan?
8. Hvernig hefur þér liðið í þessum tímum?
9. Er eitthvað, sem þér finnst gott við ástandið?
10. Jákvæðir hlutir sem þú hefur lært í þesu ástandi?
11. Hvað finnst þér slæmt við ástandið?
12. Hvers saknar þú mest?